

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100016/bs

Mat á umhverfisáhrifum - Urðunarstaður á Kópaskeri. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða sorpurðunarstað sem þjónar afskekktri byggð sbr. reglugerð um urðun nr. 738/2003. Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar frá árinu 1998 þar sem fram kemur að „urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið“.

Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonnum árlega á svæðinu næstu 30 ár (250 tonn af almennum úrgangi og 250 tonn af slátur- og fiskúrgangi). Sorp er urðað í 2-4 m djúpum reinum sem að lokum eru þaktar með jarðvegi a.m.k. 1 m að þykkt. Fyrirhugað er að slétta svæðið og græða upp.


Áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag, gróðurfar og dýralíf eru talin verða óveruleg, enda hefur fyrirhuguðum urðunarstað þegar verið raskað við fyrri framkvæmdir á svæðinu. Helstu áhrifin eru talin geta orðið á grunnvatn. Til að kanna þetta hafa sýni verið tekin úr Snartastaðalæk. Samkvæmt niðurstöðum mælinga er styrkur mældra mengunarefna í læknum mjög lágur og t.d. langt undir losunarmörkum fyrir útskolun sbr. tl. 2.2.2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.


Vöktun mun áfram vera í Snartastaðalæk og taka jafnt til nýs svæðis og þess sem nú er urðað í.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin vill benda á að sækja þarf um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar um urðun nr. 738/2003.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur